



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1543
komudagur 25.3.2004

LHG/048/9.6 /HH/sig
Reykjavík 24. mars 2004.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um þingsályktunartillögu um úttekt á kostum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja, þingskjal 345, 300. mál.

Landhelgisgæslan lítur svo á að skoða megi ýmsa möguleika hvað varðar staðsetningu stofnunarinnar. Suðurnesin koma ekki síður til greina en aðrir staðir á landinu. Þó verður að gera ítarlega úttekt á afleiðingum þess að flytja höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar til Suðurnesja. Landhelgisgæslan sér m.a. um björgunar- og öryggismál og er mikilvægt að það hlutverk stofnunarinnar verði ekki skert í þágu byggðamála.

Eins og fram kemur í 1. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands er það hlutverk stofnunarinnar að bjarga mönnum úr sjávarháaska og bjarga bátum eða skipum sem eiga í erfiðleikum á sjó. Einnig að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð þegar eðlilegar samgöngur bregðast. Það er því grundvallaratriði að fyrir hendi sé hafnaraðstaða sem býður upp á þann möguleika að farið sé út á sjó í hvaða veðri sem er. Að mati skipherra Landhelgisgæslunnar bjóða hafnirnar á Suðurnesjum ekki upp á það eins og þær eru í dag og eru þær ekki nógu öruggar fyrir varðskipin.

Þyrluáhafnir eru nú á bakvöktum á kvöldin og um helgar. Þegar útkall kemur utan venjulegs dagvinnutíma hraða þyrluáhafnir sér út á flugvöll og er meðalútkallstími 30 mínútur. Sá tími fer í að komast á staðinn og undirbúa flugtak. Ljóst er að starfsmenn stofnunarinnar geta flestir valið sér búsetu, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjanesbæ og nágrenni, þótt stofnunin verði flutt til Suðurnesja. Sama máli gegnir ekki um þyrluáhafnir stofnunarinnar. Ef halda á jafn góðum útkallstíma og nú er miðað við, þurfa starfsmenn að búa í talsverðri nálægð við vinnustaðinn, þ.e. miðað er við að það taki þá ekki lengri tíma en 15 mín. að komast út á flugvöll. Það þýðir að starfsmenn í þyrluáhöfnum eru neyddir til að flytja búferlum, þ.e. flugmenn, stýrimenn (sigmenn), flugvirkjar (spilmenn) og læknar.

Annar valkostur er að fjölga í þyrluáhöfnum þannig að hægt sé að hafa 24 klst. vakt á flugvellinum. Samkvæmt útreikningum þarf að hafa 10 og ½ stöðugildi flugmanna til að sinna slíkum vöktum en nú sjá 6 flugmenn um að fljúga þyrlunum (þrír flugmenn eru þar fyrir utan ráðnir til að fljúga Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar). Þetta þýðir næstum


helmingsfjölgun þyrluflugmanna og að fjölga verður flugstundum því að fleiri flugmenn þurfa að halda sér í þjálfun (þeir verða að fljúga ákveðinn lágmarks flugstundafjölda til að geta sinnt starfinu). Með þessu móti hækkar launa- og þjálfunarkostnaður gífurlega. Það sama gildir um aðra áður nefnda starfsmenn þyrluáhafnanna. Ef hins vegar er ekki gerð krafa um búsetu þyrlulækna á Suðurnesjum, verður að sækja þá til Reykjavíkur en þeir starfa flestir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi.

Hvað sjúkraflug varðar, þá snýst það í meirihluta tilfella um að flytja sjúka og slasaða til Landspítala Háskólasjúkrahúss í Fossvogi eða þá að lent er hjá flugskýli Landhelgisgæslunnar þar sem sjúkrabifreið tekur við hinum slasaða eða sjúka og flytur hann á sjúkrahúsið við Hringbraut. Ef flugdeild Landhelgisgæslunnar verður flutt til Suðurnesja bætist við flugtími frá Reykjavík til Suðurnesja eftir hvert og eitt sjúkraflug. Hvað flugið varðar hefur einnig verið talið að Reykjavíkflugvöllur sé mun betur staðsettur veðurfarslega en Keflavíkflugvöllur. Þyrluáhöfn Landhelgisgæslunnar er kölluð út þegar líf liggur við og hver mínúta skiptir máli. Samkvæmt framansögðu er ljóst að mikið óhagræði og kostnaður skapast ef flytja á flugdeildina til Suðurnesja.

Nú er verið að skipuleggja vaktstöð siglinga í Skógarhlíð og er fyrirhugað að stjórnstöð Landhelgisgæslunnar taki ásamt Neyðarlínunni við verkefnum hennar. Vegna þessa er stefnt að því að stofnunin flytji í Skógarhlíð 14 í Reykjavík í nánustu framtíð. Einnig er Landhelgisgæslan aðili að samningi um starfrækslu leitar- og björgunarmiðstöðvar ásamt Flugmálastjórn, Ríkislögreglustjóranum, Siglingastofnun Íslands, Neyðarlínunni hf. og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg. Sú leitar- og björgunarmiðstöð verður staðsett í Skógarhlíð 14 í Reykjavík og er það talið til bóta að þessir aðilar séu staðsettir á sama stað.

Starfsstöðvar Landhelgisgæslunnar eru nú á þremur stöðum í Reykjavík. Höfuðstöðvarnar eru að Seljavegi 32, flugdeildin hefur aðstöðu í flugskýli 2 við Reykjavíkflugvöll og einnig er varðskýli á Ingólfsgarði við Reykjavíkurbjörg. Æskilegt er stjórnunarlega séð að starfsemin sé að mestu leyti á sama stað enda eru ýmis samlegðaráhrif milli flugdeildar og varðskipadeildar auk stjórnstöðvar, Sjósmælinga Íslands og skrifstofu. Það er því ákjósanlegast að stofnunin flytji í heild ef sú ákvörðun verður tekin.

Fleiri atriði þarf að skoða. Hjá Landhelgisgæslunni starfa að jafnaði 120 manns og myndi flutningur stofnunarinnar til Suðurnesja hafa mikla röskun í för með sér fyrir flesta þeirra.



Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri.